



Stofnanasamningur Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

Alzheimersamtökin, Dalbær, Eir, Fellsendi, Grundarheimilin, Hamrar, Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Hornbrekka, Hrafnista, Lundur, MS setrið, Múlabær/Hlíðabær, Reykjalundur, S.Á.Á., Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Sóltún (Öldungur, Sóltún öldrunarþjónusta), Sólvangur og Vigdísarholt (Seltjörn, Skjólgarður, Sunnuhlíð)

1. Inngangur

Sjúkraliðafélags Íslands og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa sjúkraliða. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, dags 15. september 2020.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraliða sem starfa hjá fyrirtækjum innan SFV og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamningsins:

- Að efla samstarf sjúkraliða og starfsfólks SFV til að tryggja betur gæði heilbrigðisþjónustunnar.
- Að veita sjúkraliðum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með aukna möguleika á bættum kjörum.
- Að launakerfið miðist við að ráða, haldi í og styðja sjúkraliða sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem fyrirtækinu er ætlað að sinna.
- Að stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum SFV.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir sjúkraliða til áhrifa á framgang í starfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum.

4. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum sjúkraliða auk þeirrar færni sem þarf til að inna starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklýsingar og að öðru leyti mat á störfunum

sem byggir eftir því sem unnt er á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa. Röðun byggir á að um viðvarandi verksvið sé að ræða.

Starfaflokkun	Lfl. Þr.
Sjúkraliðanemi	09 - 0
Sjúkraliði A; á fyrsta starfsári	15 - 1
Sjúkraliði B; eftir 1 ár í starfi	17 - 0
Sjúkraliði C; eftir 3 ár í starfi	17 - 1
Sjúkraliði D; eftir 5 ár í starfi	17 - 3
Sjúkraliði E.....	19 - 2
Sjúkraliði F;	21 - 2
Sjúkraliði S1;	25 - 1
Sjúkraliði S2;	27 - 1
Sjúkraliði/Staðarhaldari	29 - 0

Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsfólks. Skilyrði fyrir starfsþróun ræðst ekki eingöngu af starfsaldri, heldur einnig af þeim verkefnum sem sjúkraliða er falið að sinna. Starfsþróun sjúkraliða hjá SFV er hraðari ef sjúkraliði vinnur samkvæmt hærri starfslýsingu, en starfsaldur gerir ráð fyrir. Sjúkraliði með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem ræður sig til starfa hjá fyrirtæki innan SFV á rétt á endurmati á röðun eftir sex mánuði í starfi. Starfslýsingar eru í fylgiskjali II með samningi þessum.

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun sjúkraliða

5.1. Formleg menntun

Sjúkraliði sem hefur lokið formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi (en ekki tekið tillit til í starfslýsingu) fær menntun sína metna með eftirfarandi hætti:

- a) Sjúkraliði sem lokið hefur **viðbótarmenntun** sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar Sjúkraliðafélagsins og SFV hækkar um 1 þrep.
- b) Sjúkraliði sem lokið hefur **viðbótarmenntun í fleiri en einni grein**, sem nýtist honum í starfi, hækkar hann um eitt þrep til viðbótar.
- c) Sjúkraliði í starfaflokkum A – F sem lokið hefur eins árs sérnámi, en hefur ekki verið ráðinn samkvæmt starfslýsingu S hækkar um tvö launaprep. Ef hann síðar raðast í starfslýsingu S þá falla launaprepin niður.
- d) Sjúkraliði sem lokið hefur fagnámi til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða hækkar um tvö launaprep *ef hann hefur ekki verið ráðinn í sérstaka stöðu*. Ef hann síðar fær sérstaka stöðu þá falla launaprepin niður.

5.2 Sí- og endurmenntun

Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar af samstarfsnefnd SLFÍ og SFV (sbr. reglur matsnefndar) fær símenntun metna með eftirfarandi hætti::

- 1 þrep fyrir 70 námskeiðsstundir
- 1 þrep fyrir 140 námskeiðsstundir
- 1 þrep fyrir 210 námskeiðsstundir
- 1 þrep fyrir 300 námskeiðsstundir
- 1 þrep fyrir 400 námskeiðsstundir

Vinnuhópur á vegum samstarfsnefndar SLFÍ og SFV, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraliðum í starfi sbr. grein 5.2 hér að ofan.

5.3 Sérstök verkefni

Sjúkraliði sem er einn á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur sé á vakt, gefur lyf sem tekin hafa verið til og sinnir þessum störfum í þeim mæli að stofnunin reiði sig á þetta sérstaka framlag hans, skal raðað að lágmarki í starfslýsingu F, sé um viðvarandi ástand að ræða. Vinni sjúkraliði skv. ofangreindu einstakar vaktir skal það bætt með einni klst. í yfirvinnu fyrir hverja slíka vakt.

6. Tímabundnir þættir

Forstöðumanni eða mannauðsstjóra fyrirtækis er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við sjúkraliða í 60% starfshlutfalli eða meira um að taka að sér sérstök tímabundin verkefni. Sérstök verkefni geta staðið að hámarki 12 mánuði í senn. Verkefni skal skilgreina í tímabundnum samningi þar sem kveðið er á um umfang, kröfur, efnisþætti, árangur og annað sem skiptir máli við vinnslu verkefnisins. Að loknu hinu tiltekna tímabili fellur samningurinn og launaviðbótin sjálfkrafa niður, án sérstakrar uppsagnar af hálfu fyrirtækisins nema samningnum hafi verið framlengt. Sjúkraliði getur fengið hækkun þrepa/krónutala fyrir umsjón og/eða ábyrgð á sérstökum skilgreindum verkefnum sem falla utan hefðbundinna starfa.

7. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

- Ef gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur 3 þrepum.
- Sé hins vegar gert er ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðist 4 þrepum.

8. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. október 2022 og er byggður á kjarasamningi milli Sjúkraliðafélags Íslands og SFV, dagsettur 15. september 2020.

Reykjavík, 22. febrúar 2023

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Bókanir með stofnanasamning

Bókun 1

Sjúkraliðar sem ljúka námi eftir sjúkraliðabru á forsendum starfs hjá fyrirtækjum sem undir samninginn heyra og starfa hjá þeim á meðan á námi stendur raðast miðað við eins árs starfsreynslu og teljast því vera sjúkraliðar B samkvæmt starfaflokkun í stofnanasamningi aðila.

1. Starfsmenn þessir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarféлага í tilefni af sjúkraliðanámi ef þeir halda áfram í sama starfi að námi loknu (með þeirri einu breytingu að fara að starfa samkvæmt starfslýsingu sjúkraliða)
2. Þeir sem fara í hærri röðun en röðunarkerfi stofnanasamnings kveður á um vegna liðar 1 hér að framan hækka ekki í launum eftir yfirfærslu fyrr en þeir hafa uppfyllt röðunarforsendur stofnanasamnings eins og aðrir sjúkraliðar.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að nýta aukna menntun sjúkraliða í ljósi nýrrar námsleiðar á háskólastigi. Fyrirtæki sem eiga aðild að samningi þessum munu í því samhengi vinna að og skoða nýjar stafsleiðir til að nýta hærra menntunarstig sjúkraliða. Þessari vinnu skal lokið í síðasta lagi í lok árs 2023.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að sjúkraliðanemar í Sjúkraliðafélagi Íslands með reynslu frá umönnunarstörfum raðist ekki lægra í launum sem sjúkraliðanemi, en laun hans eru sem almennur starfsmaður.

Bókun 4

Launasetning reynds fólks í umönnun eða félagsliða, sem hafa bætt við sig menntun og orðið sjúkraliðar.

1. Starfsmenn þessir skulu ekki lækka í launum við að færast á milli stéttarféлага í tilefni af sjúkraliðamenntun/prófi þegar hafin eru störf sem sjúkraliði með leyfisbréf.
2. Þeir sem fara í hærri röðun, en röðunarkerfi stofnanasamnings kveður á um vegna liðar 1 hér að framan, hækka síðan samkvæmt skilyrðum röðunarkafla stofnanasamningsins eða eins og fram kemur í stofnanasamningnum, þegar viðkomandi eru falin verkefni í hærri starfslýsingu.

Bókun 5

Metinn skal starfstími starfsmanns í sambærilegu starfi enda liggja staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfstíma hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

Með sambærilegum störfum er átt við aðhlyningu og umönnun á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilum (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannaþjónustu er metinn á sama hátt.

Bókun 6

Aðilar samnings þessa munu vinna að endurskoðun og samræmingu á starfslýsingum sjúkraliða. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið í árslok 2023.

Starfheiti og starfslýsingar sjúkraliða sem starfa hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

Starfsheiti : Starfslýsing A

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri.

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Starfssvið: Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing eða sér reyndari sjúkraliða og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með fylgikvillum rúmlegu. Aðstoðar við endurhæfingu sjúklinga. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Starfsheiti : Starfslýsing B

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri.

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Starfssvið: Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar við endurhæfingu sjúklinga. Viðheldur faglegri þekkingu sinni. Leiðbeinir sjúkraliðanemum og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Starfsheiti : Starfslýsing C

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri.

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun. Leiðbeinir og styður við sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við að lögun nýrra starfsmanna. Leiðbeinir sjúkraliðanemum og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Starfsheiti : Starfslýsing D

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri.

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar. Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu. Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna. Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Starfsheiti : Starfslýsing E

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri.

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar hjá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar. Hefur frumkvæði að því að skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við hjúkrunarfræðing og í samræmi við þar til gerða hjúkrunaráætlun. Skipuleggur og forgangsraðar sérverkefnum í samráði við deildarstjóra. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu. Er umsjónaraðili með umönnun tiltekinna sjúklinga stýrir verkefnum annarra sjúkraliða og starfsmanna. Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna. Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Er falið af stjórnendum að taka þátt í nefndarstörfum er varða skjólstæðinga og hagsmuni stofnunar. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Starfsheiti : Starfslýsing F

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar hjá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Hann vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við deildarstjóra. Stýrir verkum annarra sjúkraliða og

starfsmanna. Starfar sem umsjónaraðili með viðamiklum verkefnum s.s. birgðastjórnun á lager og verkstjórn ákveðinna eininga. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu. Er umsjónaraðili með umönnun tiltekinna sjúklinga stýrir verkefnum annarra sjúkraliða og starfsmanna. Sér um aðlögun sjúkraliða sem eru byrjendur í starfi. Leiðbeinir aðstoðarfólki við aðhlyningu. Aðstoðar við aðlögun nýrra starfsmanna. Undirbýr komu sjúkraliðanema á deildina leiðbeinir þeim og hvetur þá til að nýta námstækifæri á deildinni. Er falið af stjórnendum að taka þátt í nefndarstörfum er varða skjólstæðinga og hagsmuni stofnunar. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Starfsheiti : Starfslýsing S1

Næsti yfirmaður: Hjúkrunardeildarstjóri

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið eins árs sérnámi fyrir sjúkraliða frá viðurkenndri menntastofnun.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar á stofnunum innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann vinnur undir stjórn deildastjóra og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við deildarstjóra. Stýrir verkum annarra sjúkraliða og starfsmanna. Starfar sem umsjónaraðili með ákveðnum verkefnum s.s. umsjón með hjúkrun ákveðinna sjúklinga, verkstjórn tiltekinna eininga og verkefni í samráði við yfirmann. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum. Að öðru leyti gilda ákvæði starfslýsingar F.

Starfsheiti : Starfslýsing S2

Næsti yfirmaður: Forstöðumaður / yfirmaður starfsmannamála

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið eins árs sérnámi fyrir sjúkraliða frá viðurkenndri menntastofnun.

Ábyrgð: Sjúkraliði ber ábyrgð á að veita skjólstæðingum sínum hjúkrun í samræmi við sýn og stefnu hjúkrunar á stofnunum innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hann vinnur undir stjórn yfirmanns og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Sjúkraliði sýnir faglegan metnað og færni. Hann stuðlar að jákvæðum starfsanda á deildinni.

Starfssvið: Sjúkraliði hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við yfirmann. Stýrir verkum annarra sjúkraliða og starfsmanna. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við yfirmann. Starfar sem umsjónaraðili með ákveðnum verkefnum s.s. stýrir verkum annarra starfsmanna, móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna, skipuleggur kennslu og verkstjórn ákveðinna eininga. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í starfi. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum. Að öðru leyti gilda ákvæði starfslýsingar S-1.

Starfsheiti : Starfslýsing H. Staðarhaldari / Forstöðumaður

Næsti yfirmaður: Forstjóri / stjórn stofnunar

Menntun og fagleg þekking: Hefur lokið sjúkraliðanámi frá viðurkenndri menntastofnun og hlotið starfsréttindi sem sjúkraliði.

Ábyrgðasvið: Staðarhaldari / Forstöðumaður.